Nd. **51. Frumvarp**

til laga um rekstrarlán fyrir samvinnufélög sjómanna og bátaútvegsmanna.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Fiskveiðasjóði Íslands er heimilt að veita rekstrarlán frá ári til árs samvinnufélögum sjómanna og útvegsmanna, sem stofnuð eru og starfrækt í því

skyni að afla fiskjar og gera hann að seljanlegri vöru, eftir því, sem bezt þykir henta fyrir erlendan sem innlendan markað, svo og til smærri iðjufyrirtækja til hagnýtingar aflans, eða á annan hátt útveginum til þróunar.

Félög þessi skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög með skyldum og réttindum samvinnufélaga.

2. gr.

Rekstrarlán þessi skulu veitt sem reikningslán og eigi til lengri tíma en 1 árs í senn og greiðast að fullu ásamt áföllnum vöxtum innan þess tíma. Skal miða hámark lánanna við atvinnurekstur félgasmanna, lánsþörf og greiðslugetu félagsins.

3. gr.

Samvinnufélögin skulu setja lánsstofnun þeirri, er þau skipta við, fullnægjandi veð fyrir reikningslánum þessum, eins og þau eru hæst á hverjum tíma.

Félagsmenn ábyrgjast, einn fyrir alla og allir fyrir einn, greiðslu á reikningslánsskuld félagsins. Óveiddur afli er veðhæfur sem trygging.

4. gr.

Til þess að tryggja samvinnufélögum þeim, er um ræðir í 1. gr., starfsfé, skal ríkisstjórnin ábyrgjast fyrir Fiskveiðasjóð Íslands allt að 3 milljóna króna reikningslán frá ári til árs, og skal þessi reikningslánsstarfsemi vera sérstök deild í sjóðnum og lúta sömu yfirstjórn og hann.

5. gr.

Af fé því, sem ræðir um í 4. gr., veitir Fiskveiðasjóður Íslands lán til sparisjóða, banka og bankaútibúa utan Reykjavíkur með þessum skilyrðum:

a. Peningastofnanir þessar mega eingöngu nota féð til þess að lána það út til samvinnufélaga samkvæmt lögum þessum.
b. Þær endurgreiða lánin, ásamt vöxtum, á tilsettum gjalddaga.
c. Vextir miðast á hverjum tíma við lánskjörin á láni því, er um ræðir í 4. gr., að viðbættri framfærslu, er fjármálaráðherra ákveður.

6. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um samvinnufélög þau, er hér um ræðir, og gefið út leiðbeinandi fyrirmyndir að samþykktum þeirra.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða breytingartillögum, sem minni hl. sjútvn. Nd. (SÁÓ) flutti á síðasta þingi við frv. til l. um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg

og smáiðju. Breytingartillögunum fylgdu m. a. svolátandi skýringar frá minni hl. sjútvn.:

„Eins og kunnugt er, er fjöldi sjómanna ráðinn fyrir hlut og afla, og eiga þess kost að verka hann, og á þann hátt að gera hlutinn sér verðmætari. En til þess að geta þetta, þurfa þeir á lánum að halda, svo lengi sem aflinn er ekki seldur. Samkvæmt tillögum þeim, er hér fara á eftir, ætlast ég til, að sjómenn stofni samvinnufélög án tillits til, hvort þeir eru eigendur framleiðslutækjanna, meðeigendur eða eingöngu verkamenn, er eiga sinn þátt í framleiðslunni.

Tillögur mínar miða til þess að hvetja sjómenn til samvinnu og gera þeim kleift að koma henni við um eitt og annað, er atvinnurekstrinum tilheyrir, og allir geta verið þar með, sem vilja“.